STJÓRNARTÍÐINDI C 1 — 1976

AUGLÝSING

um gildistöku alþjóðasamnings frá 29. desember 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það.

Með skírskotun til auglýsingar í Stjórnartíðindum C-deild nr. 17/1973 er almenningi hér með gert kunnugt að hinn 30. ágúst 1975 gekk í gildi alþjóðasamningur, er gerður var í Lundúnum hinn 29. desember 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það.

Samningurinn var birtur sem fylgiskjal með framangreindri auglýsingu.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 2. janúar 1976.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

AUGLÝSING

um gildistöku breytingar á stofnskrá Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Samkvæmt orðsendingu danska sendiráðsins dagsettri 5. þ. m. tók bókun um breytingu á 14. grein stofnskrár Alþjóðahafrannsóknaráðsins gildi hinn 12. nóvember 1975. Bókunin telst gerð í Kaupmannahöfn hinn 13. ágúst 1970, en var undirrituð af Íslands hálfu án fyrirvara um fullgildingu hinn 28. september það ár, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum C-deild nr. 26/1970, þar sem texti bókunarinnar var birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 8. janúar 1976.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

AUGLÝSING

um aðild að Félagsmálasáttmála Evrópu.

Samkvæmt heimild í ályktun Alþingis samþykktri hinn 14. maí 1975 var hinn 15. janúar 1976 gengið frá aðild Íslands að Félagsmálasáttmála Evrópu, sem gerður var í Tórínó 18. október 1961. Fór undirritun sáttmálans af Íslands hálfu fram hjá Evrópuráðinu í Strasbourg og var fullgildingarskjal afhent þar við sama tækifæri.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg